

## Matsblað fyrir vettvangsathugun á frístundaheimili

Frístundaheimili:	Húsnæði:
Dags. og vikud.:	Matsmaður:
Kl. (upphaf og lok):	

<p><b>1. Stjórnun:</b></p> <p>Forstöðumaður sem leiðtogi. Verklagsreglur og áætlanir.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stefna frístundaheimilisins/frístundamiðstöðvarinnar birtist í starfsháttum.</li> <li>• Starfsfólk vinnur út frá aðgerðaráætlun.</li> <li>• Rýmingaráætlun er sýnileg.</li> </ul>
<b>Athugasemdir:</b>	
<p><b>2. Frístundastarf – frístundaheimili:</b></p> <p>Skipulag starfs og starfsaðstæður</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag endurspeglar að góð samfella er í degi barnsins.</li> <li>• Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.</li> <li>• Móttaka barna og brottför er með skipulögðum hætti.</li> <li>• Yfirsýn og utanumhald um barnahópinn er með skýrum hætti.</li> <li>• Leitast er við að tryggja öryggi barna í frístundaheimilinu og í nánasta umhverfi þess.</li> <li>• Aðgengi að húsnæðinu og inna veggja þess er með þeim hætti að allir geti nýtt sér starfsemina án vandkvæða (s.s. fatlaðir).</li> <li>• Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist.</li> <li>• Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sjá gátlista).</li> <li>• Efniviður og búnaður er yfirfarinn reglulega og endurnýjaður eftir þörfum (sjá gátlista).</li> <li>• Börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.</li> </ul>
<b>Athugasemdir:</b>	

<p><b>2. Frístundastarf – frístundaheimili:</b></p> <p>Uppeldi og menntun</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd.</li> <li>• Lögð er áhersla á að efla umhyggju barna.</li> <li>• Lögð er áhersla á að efla félagsfærni barna.</li> <li>• Lögð er áhersla á að efla virkni og þátttöku barna.</li> <li>• Markvisst er leitast við að börnin komi fram og tjái sig á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• Útivera er hluti af daglegu vali.</li> <li>• Starfsfólk grípur tækifæri sem gefast til að ræða gildi og viðhorf við börnin í daglegu starfi.</li> <li>• Verkefni sem ná yfir lengri tíma eru í boði fyrir börnin.</li> <li>• Verkefni sem stuðla að sköpun eru í boði fyrir börnin.</li> <li>• Boðið er upp á verkefni sem miða að því að börnin læri á sitt nánasta umhverfi.</li> <li>• Markvisst er unnið með hreyfingu og börnin hvött til að hreyfa sig.</li> <li>• Boðið er upp á hollan mat.</li> <li>• Börnunum er leiðbeint um heilsueflandi þætti, s.s. um útiveru, klæðnað, hreyfingu, hollt mataræði og hreinlæti.</li> <li>• Börnin fá tækifæri/hvatningu til sjálfsábyrgðar og sjálfstæðis (s.s. fá sér að borða, ferðast á milli staða og í þeim verkefnum sem þau fást við hverju sinni).</li> <li>• Börnin eru frædd um ávinning tómsundaiðkunar.</li> <li>• Leitast er við að hafa jákvæð áhrif á umgengni barna.</li> </ul>
<p><b>2. Frístundastarf – frístundaheimili:</b></p> <p>Starfshættir og viðfangsefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hafa val um viðfangsefni.</li> <li>• Viðfangsefnin sem börnin hafa val um eru fjölbreytt og hæfilega ögrandi.</li> <li>• Viðfangsefnin taka mið af áhuga og styrkleikum barna.</li> <li>• Komið er til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.</li> <li>• Málefni líðandi stundar eru tekin fyrir og rædd í samræmi við aldur og þroska barnanna.</li> <li>• Sjálfssprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt rými.</li> <li>• Boðið er upp frjálsan leik og skipulagt hópastarf.</li> <li>• Boðið er upp á smiðjur og fræðslu þar sem börnin læra eitthvað nýtt.</li> <li>• Viðburðir eru haldnir reglulega (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, þemadagar, heimsóknir).</li> </ul>
<p><b>2. Frístundastarf – frístundaheimili:</b></p> <p>Virk þátttaka og lýðræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin eru virkir þátttakendur í að móta viðfangsefni og val.</li> <li>• Aðferðir barnalýðræðis eru nýttar í starfinu (s.s. skipulagðir barnafundir, barnaráð og hugmyndakassar).</li> <li>• Börnin eru hvött til að koma með eigin hugmyndir og studd í að útfæra og framkvæma þær.</li> <li>• Börnin fá aukna ábyrgð í starfi frístundaheimilisins í samræmi við aldur og þroska.</li> <li>• Börn taka ábyrgð á einstaka verkum í daglegri starfsemi frístundaheimilisins, s.s. frágangi eða annarri umsjón.</li> </ul>
<p><b>2. Frístundastarf – frístundaheimili:</b></p> <p>Mannréttindi og margbreytileiki</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið er markvisst að jafnrétti (í viðum skilningi) og það endurspeglast í starfinu.</li> <li>• Unnið er markvisst með fjölmenningu og margbreytileika og það endurspeglast í starfinu.</li> <li>• Hugað er að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu til þátttöku.</li> </ul>

<p><b>3. Mannauður:</b></p> <p>Fagmennska starfsfólks</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsfólk er skapandi og nýtir áhugasvið sín, þekkingu og hæfileika í starfi.</li> <li>• Viðhorf starfsfólks til viðfangsefna eru lausnamiðuð.</li> <li>• Starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börnin.</li> <li>• Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólks.</li> <li>• Starfsfólkið er virkt í starfi með börnunum.</li> </ul>
<p><b>4. Staðarbragur:</b></p> <p>Viðmót og menning</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Markvisst er unnið eftir gildum frístundaheimilisins og/eða frístundamiðstöðvarinnar.</li> <li>• Andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og virðingu.</li> <li>• Börnum er heilsað við komu og þau kvödd við brottför.</li> <li>• Starfsfólk gefur sig að foreldrum og öðrum gestum sem koma og sýnir þjónustulund.</li> <li>• Starfsfólk og börn leiðbeina, hvetja og styðja hvert annað.</li> <li>• Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða.</li> <li>• Það sést í vinnu og viðhorfum starfsfólks að það hefur trú á getu og hæfni barnanna.</li> <li>• Í starfinu er unnið út frá styrkleikum hvers og eins.</li> </ul>
<p><b>4. Staðarbragur:</b></p> <p>Velferð og líðan barna</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnunum líður vel á frístundaheimilinu.</li> <li>• Milli þátttakenda í starfinu ríkir gagnkvæm virðing og samkennd.</li> <li>• Börnunum/unglingunum er leiðbeint um heilsueflandi þætti (s.s. útiveru, hreyfingu, hollt mataræði og hreinlæti).</li> </ul>

- |  |   |
|--|---|
|  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir s.s. varðandi heilsusamlegan lífsstíl, talsmáta og hegðun.</li><li>• Börnin eiga greiðan aðgang að starfsfólki.</li><li>• Reglur eru skýrar og börnin þekkja þær.</li><li>• Starfsfólk er samtaka um að fylgja eftir reglum og viðmiðum í starfinu.</li><li>• Samskipti starfsfólks við börnin eru uppbyggileg og hvetjandi.</li><li>• Börn fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum.</li><li>• Starfsfólk aðstoðar börnin í félagslegum samskiptum þegar á þarf að halda.</li><li>• Starfsfólk bregst við krefjandi hegðun á uppbyggjandi hátt.</li></ul> |
|  |   |